

Alþingi  
Allsherjarnefnd  
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 9. apríl 2010

**Efni: Frumvarp til laga um meðferð einkamála (hópmálsókn) 393. mál.**

Samtök atvinnulífsins (SA) og Samtök iðnaðarins (SI) hafa fengið til umsagnar ofangreint mál.

Samtökin telja að ákvæði í lögum um hópmálsóknir séu ekki rétta leiðin til að auðvelda hópi manna sem eiga einsleitir kröfur til þess að leita einkaréttarlegra úrræða og bóta vegna tjóns eða brots sem viðkomandi aðilar hafa orðið fyrir. Þá telja samtökin að slík lagasetning muni ekki leiða til aukinnar samkeppni á neytendamörkuðum. Samtökin styðja því ekki þetta frumvarp.

Í íslenskum lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991 eru nú þegar ákvæði um hópmálsókn. Í 18. gr. laganna er ákvæði um samaðild, í 19. gr. er ákvæði um samlagsaðild og í 3. mgr. 25. gr. er að finna ákvæði um málsóknarumboð félaga og samtaka og í 27. gr. er ákvæði um kröfusamlag. Þá er fordæmi dómsmála einnig viðurkennd réttarheimild í íslenskum rétti. Hefur margoft verið valið eitt mál af fjöldamörgum sambærilegum málum til að láta reyna á fyrir dómstólum og hafa málin síðan í kjölfarið fengið sambærilega úrlausn.

**Önnur vægari úrræði**

Samtökin telja nær að endurskoða framangreind ákvæði með tilliti til þess að rýmka þau skilyrði sem þar eru í stað þess að innleiða ákvæði um eiginlega hópmálsókn. Sérstaklega mætti skoða að í málum sem rekin eru skv. 3. mgr. 25. gr. væri ekki eingöngu hægt að krefjast viðurkenningar skaðabótaskyldu eins og ákvæðið er úr garði gert í dag heldur væri einnig hægt að dæma bætur í slíku máli. Að sama skapi væri rétt að setja skilyrði fyrir því hvaða félög gætu farið í dómsmál fyrir félagsmenn sína, þannig að ekki væri verið að stofna félög eingöngu í því markmiði að standa að málsóknum.

**Skilyrði um að afmarka, tiltaka og hafa samband við þá aðila sem mynda hópinn**

Í greinargerðinni með frumvarpinu er bent á nokkur dæmi þar sem lagaákvæði um hópmálsókn hafi sárlega vantað hér á landi til að sækja bætur til neytenda. Flest þau mál sem þar eru nefnd myndu hins vegar ekki uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til hópmála skv. frumvarpinu. Nánar tiltekið fullnægja þessi dæmi ekki skilyrði frumvarpsins um að d lið 23. gr. c. þar sem segir að mögulegt sé að afmarka, tiltaka og hafa samband við þá aðila sem mynda hópinn. Þannig hefði verið ómögulegt að tiltaka og hafa samband við alla þá sem hefðu keypt eldsneyti á ákveðnu tímabili eða þá sem greitt hefðu seðilgjöld. Þegar um svo stóran hóp er að ræða að undir hann geta fallið nánast allir vinnufærir Íslendingar getur hópmálsókn ekki verið rétta leiðin heldur er eðlilegra að löggjafinn eða eftirlitsstofnanir ríkisins taki málið til meðferðar.

### **Skiptar skoðanir um ágæti hópmálsókna**

Mjög skiptar skoðanir í Evrópu um ágæti hópmálsókna eins og þekkist í Bandaríkjunum, en í frumvarpinu er vitnað til þess að úrræðið sé þekkt í bandarískum rétti og hafi það verið mikið notað og haft þó nokkur áhrif á hegðun og virðingu sem fyrirtæki sýna gildandi lögum og reglum.

Í mörgum tilvikum hafa þessi áhrif á hegðun og virðingu sem fyrirtæki sýna gildandi lögum og reglum snúist upp í andhverfu sína og hafa lyfja- og tryggingafyrirtæki þannig t.a.m. sniðgengið ákveðin ríki Bandaríkjanna vegna hræðslu við hópmálsóknir sem hefur haft það í för með sér að íbúar í viðkomandi ríki þurfa að fara langan veg til að kaupa lyf eða tryggingar. Sú neikvæða ímynd sem hópmálsókn getur haft á fyrirtæki getur myndað óeðlilega mikinn þrýsting til að semja um bætur jafnvel þótt krafan eigi við lítil rök að styðjast og ekki hafi verið sýnt fram á tjón allra aðila innan hópsins. Er fjöldi tilhæfulausra hópmálsókna í Bandaríkjunum geigvænlegur.

Hjá Evrópusambandinu er umræða um hópmálsóknir komin lengst þegar kemur að hópmálsóknum á sviði samkeppnislagabrota. Drög að tilskipun voru gefin út óformlega 2008 en þau hafa þó dagað uppi vegna mikillar mótstöðu og er alls óvíst hvað verður um þessa tilskipun. Eitt af því sem nefnt hefur verið sem vandamál við tilskipunina er að óleyst væri hvernig fara ætti með þá sem hafa frumkvæði að því að játa samkeppnislagabrot og láta samkeppnisyfirvöldum í té upplýsingar eða gögn vegna samkeppnislagabrota – hvort að slíkir einstaklingar eða fyrirtæki gætu þá átt á hættu að hægt væri að nota gögnin í hópmálsókn gegn þeim. Á þetta atriði er ekki heldur minnst á í frumvarpinu þrátt fyrir að því sé greinilega ætlað að taka til hópmálsókna á sviði samkeppnismála eins og lesa má úr greinargerðinni með frumvarpinu.

### **Forréttarhöld**

Hópmálsókn felur í sér nokkurs konar „forréttarhöld“ sem felast í því að áður en hægt er að dæma málið efnislega verður rétturinn fyrst að komast að því hvort málsóknin uppfylli skilyrði laga um hópmálsókn. Má gera ráð fyrir að krafa um frávisun máls vegna slíkra annmarka verði regla en ekki undantekning í hópmálsóknum. Kostnaður af slíkum forréttarhöldum er fljótur að vega á móti því hagræði sem hópmálsókninni er ætlað að ná.

### **Hópmálsókn án þess að viðkomandi tilkynni sig sem aðila að málsókninni.**

Hvað varðar einstök atriði frumvarpsins vilja SA sérstaklega koma á framfæri gagnrýni á ákvæði 23. gr h. í frumvarpinu en í því ákvæði er mælt fyrir um svokallaða útleið sem þýðir að niðurstaða hópmálsins er bindandi fyrir alla aðila burtséð frá því hvort þeir voru aðilar að málsókninni eða ekki nema að viðkomandi aðili hafi fyrir tiltekinn tímafrest sagt sig frá málsókninni.

Hefur þessi leið verið mikið gagnrýnd í þeim löndum sem hún þekkist en hún getur þýtt það að tjónþolar sem ekki voru aðilar að málsókninni fái tjón sitt ekki bætt. Ákveðnir meinbaugir geta verið á því að hægt sé að hafa samband við alla í hópnun þannig að ákveðin hætta er á að aðilar sem eiga hagsmuna að gæta hafi enga vitneskju um hópmálsóknina. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að engin skilyrði eru í lögnum að raunverulega þurfi að hafa samband við alla aðila sem kunna að eiga hagsmuna að gæta eða að auglýsa þurfi hópmálsóknina með tilteknum hætti.

Er hugsanlegt að löggjöf sem kemur á þennan hátt í veg fyrir málsóknir einstakra aðila séu brot á skuldbindingum Íslands samkvæmt 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu sem mælir fyrir um að allir eigi rétt á réttlátri málsmeðferð fyrir dómi. Á slíkt mál hefur þó ekki reynt enn sem komið er fyrir Mannréttindadómstólnum enda löggjöf sem heimilar útleið í hópmálsóknum nær óþekkt í Evrópu fyrir utan Norðurlöndin.

Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að á öllum Niðurlöndunum nema Finnlandi geri löggjöf um hópmálsókn ráð fyrir því að bæði innleið og útleið séu færar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Skilyrði þau sem t.a.m. löggjöf Noregs og Danmerkur setur fyrir því að útleiðin sé fær eru þó ekki að

finna í íslenska frumvarpinu. Þannig er einungis útleiðin fær í Noregi samkvæmt sérstakri ákvörðun dómara og að ekki komi til skoðunar mál einstakra aðila hópsins. (Grein 35-7 í Lov om mekling og rettergang i silive tvister.) Sama skilyrði er í dönskum lögum um að það sé eingöngu á færi dómara málsins að ákveða að hópmálsóknin geti tekið til aðila sem ekki hafa tilkynnt sig sem þátttakanda í málsókninni. Þá gera dönsk lög það einnig að skilyrði að allir þeir sem geta tilheyrt hópnnum skuli vera veittar upplýsingar um hópmálsóknina og geti dómari kveðið á um að slíkt skuli gert með opinberri tilkynningu á kostnað umboðsmanns hópsins.

Í frumvarpinu er ákvæði um að dómstóll geti ákveðið að umboðsmaður hópmálsóknar skuli leggja fram tryggingu fyrir hönd hópsins til greiðslu á málskostnaði gagnaðila. Ákvæði þetta er þó einungis heimildarákvæði. Þegar um er að ræða hópmálsókn sem byggist á kröfum ótiltekins fjölda án þess að viðkomandi tilkynni sig sem þátttakanda í málsókninni fylgir því sá galli að ótiltekinn fjöldi manna getur ekki verið ábyrgur fyrir þeim kostnaði sem hlýst af málsókn sem hópurinn tapar. Því getur komið upp sú staða að enginn tiltekinn aðili verði ábyrgur fyrir greiðslu þess málskostnaðar sem hópurinn hefur stofnað til. Slíkt hefur í för með sér að tilhæfulausum málsóknum fjölgi.

Virðingarfyllt,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.

f.h. Samtaka iðnaðarins



Sigurður B. Halldórsson